



5. Fundur bæjarráðs Blönduóssbæjar Miðvikudaginn 30. ágúst 2006, kl. 17:00.

Formaður bæjarráðs, Héðinn Sigurðsson, setti fund og stjórnaði honum.
Bæjarstjóri ritaði fundargerð. Mæting skv. undirskriftum.

Dagskrá:

1. Fundargerð fræðslunefndar frá 21. ágúst sl.
2. Fundargerð æskulýðs- og tómstundanefndar frá 25. ágúst sl.
3. Fundargerð landbúnaðarnefndar frá 26. ágúst.
4. Viðbygging og málefni leikskóla - leikskólastjóri mætir á fundinn.
5. Húsnæðismál.
6. Erindi frá skólastjóra og húsverði grunnskóla vegna skólalóðar.
7. Fundarboð á hluthafafund Tækifæris hf.
8. Bréf frá Varasjóði húsnæðismála.
9. Bréf frá Hafnasambandi sveitarfélaga.
10. Bréf frá Jafnréttisstofu.
11. Bréf frá félagsmálaráðuneyti.
12. Gagnaseðill 2006 ásamt fjárhagsáætlun fjallskilasjóðs.
13. Trúnaðarmál.
14. Önnur mál.

Afgreiðslur:

1. Fundargerð fræðslunefndar frá 21. ágúst sl.
Fundargerðin er lögð fram til kynningar og vísað til afgreiðslu í bæjarstjórn.
2. Fundargerð æskulýðs- og tómstundanefndar frá 25. ágúst sl.
Fundargerðin er lögð fram til kynningar og vísað til afgreiðslu í bæjarstjórn.
3. Fundargerð landbúnaðarnefndar frá 26. ágúst.
Fundargerðin er lögð fram til kynningar og vísað til afgreiðslu í bæjarstjórn.

4. Viðbygging og málefni leikskóla - leikskólastjóri mætir á fundinn.
Mætt er Jóhanna G. Jónasdóttir, leikskólastjóri og kynnti hún teikningar að fyrirhugaðri viðbyggingu við leikskólann að Hólabraut 17, unnar af Arkþing. Bæjarráð samþykkir fyrirbyggjandi drög og að vinna við nánari útfærslu og undirbúning útboðsgagna fari fram.

Leikskólastjóri gerði tillögu um að hækka stöðu matræðs úr 80% í 100% stöðu frá og með 1. september vegna aukinna umsvifa. Bæjarráð samþykkir erindið.

5. Húsnæðismál.
Lagt fram yfirlit yfir umsóknir, uppsagnir og tillögur að úthlutun leiguíbúða. Bæjarráð samþykkir tillögumar, dags. 28. ágúst 2006.
6. Erindi frá skólastjóra og húsverði grunnskóla vegna skólalóðar.
Lagðar fram tillögur um forgangsröðun framkvæmda við skólalóð. Umræður urðu um málið. Tæknideild og byggingarfulltrúa falið að kanna nánari útfærslu þessara verkefna og koma með kostnaðartölur.
7. Fundarboð á hluthafafund Tækifæris hf.
Fundurinn verður haldinn 1. september nk. á Akureyri. Lagt fram til kynningar.



8. **Bréf frá Varasjóði húsnæðismála.**
Bréfið er sent öllum sveitarstjórnnum til kynningar um sjóðinn og hlutverk hans.
9. **Bréf frá Hafnasambandi sveitarfélaga.**
35. hafnasambandsþing Hafnasambands sveitarfélaga verður haldið á Höfn í Hornafirði dagana 12. - 13. október nk. Lagt fram til kynningar.
10. **Bréf frá Jafnréttisstofu.**
Minnt er á ákvæði laga nr. 96/2000 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla er varða sveitarstjórnir og leitað upplýsinga um nöfn þeirra sem eru ábyrgir fyrir jafnréttismálum í sveitarfélaginu ásamt upplýsingum um gildandi jafnréttisáætlun. Bæjarstjóra falið að svara erindinu.

Jafnframt lagt fram bréf þar sem greint er frá því að Félagsmálaráðuneytið, Jafnréttisstofa og Samband íslenskra sveitarfélaga standa fyrir fræðslu- og samráðsfundi fyrir nýskipaðar jafnréttisnefndir sveitarfélaga á Hótel Örk, dagana 21. - 22. september nk. Samþykkt með tveimur atkvæðum að Blönduósbær sendi fulltrúa á fundinn. Einn situr hjá.
11. **Bréf frá félagsmálaráðuneyti.**
Lagt fram til kynningar yfirlit yfir sveitarfélög í landinu sem nú eru 79 talsins. Vakin er athygli á að rétt heiti sveitarfélaga verði notað í allri stjórnsýslu.
12. **Gagnaseðill 2006 ásamt fjárhagsáætlun fjallskilasjóðs.**
Lagt fram til kynningar.
13. **Trúnaðarmál.**
Bókað í trúnaðarbók.
14. **Önnur mál.**
 - a. *Mættur er Jóhannes Torfason, f.h. Ámundakinnar til að kynna hugmyndir um byggingu íbúðar- og skrifstofuhúsnæðis að Hnjúkabyggð 31. Umræður urðu um málið og svaraði Jóhannes fyrirspurnum fundarmanna.*
 - b. *Fyrirspurn til bæjarstjóra frá Valdimari Guðmannssyni. "Hafa farið fram viðræður á milli Tveggja átta ehf. og Blönduósbæjar um leigusamning á landi fyrir væntanlegan afþreyingargarð (áður húsdýragarð) og hvar er það mál statt nú?"*
 - c. *Samþykkt að bæjarráð eigi fund með fulltrúum Húnavatnshrepps um væntanleg samtarfsverkefni.*

*Fundargerð upplesin og samþykkt.
Héðinn Sigurðsson (sign.)
Jón Aðalsteinn Sæbjörnsson (sign.)
Ágúst Þór Bragason (sign.)*

*Áheyrnarfulltrúi:
Valdimar Guðmannsson (sign.)*

*Fundi slitið kl. 19:40.
Jóna Fanney Friðriksdóttir (sign.)*